

Ed.

397. Frumvarp til laga

um bygging sjómannaskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Byggja skal á árunum 1941 til 1943 sjómannaskóla í Reykjavík eða nágrenni.

2. gr.

Forstaða skólabyggingarinnar skal falin sjö manna nefnd. Atvinnumálaráðherra skipar nefndina og tilnefnir formann hennar, en tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur og einn eftir tilnefningu Stýrimannafélags Íslands. Enn fremur eiga sæti í nefndinni: skólastjóri stýrimannaskólans, vélstjóranskólans og forstöðumaður loftsklytaskólans.

3. gr.

Byggingarnefnd skal þegar láta gera uppdrætti að skólahúsi. Jafnframt skal hún gera tillögur um skólastað, og sé sérstakt tillit tekið til þess, að nægilgt landrými verði fyrir framtíðarþarfir skólans. Athuga skal nefndin möguleika um heimavist í byggingunni fyrir hæfilegan nemendafjölda og í því sambandi kennslu fyrir matsveina. Atvinnumálaráðherra staðfestir teikningu, úrskurðar skólastað og önnur fyrirkomulagsatriði, ef ágreiningur verður innan nefndarinnar. Undirbúningi samkvæmt þessari grein skal vera lokið fyrir 1. sept. 1941.

4. gr.

Ríkissjóður ber allan kostnað af byggingu skólans, og skulu veittar í fjárlögum minnst 300 þús. kr. á ári, þar til byggingarkostnaði er að fullu lokið. Heimilt er byggingarnefnd, með samþykki fjármálaráðherra, að taka bráðabirgðalán eða selja skuldabréf til að greiða byggingarkostnað, eftir því, sem árleg fjárveiting hrekkur ekki til. Ríkissjóður ábyrgist slík lán og stenz kostnað af þeim.

5. gr.

Byggingarnefnd og síðar skólastjórn skal veita viðtöku gjöfum til sjómannaskólans, en gjafafé skal ekki verja til greiðslu á venjulegum stofnkostnaði skóla, heldur til sérstakra umbóta vegna kennslu og skólalífs, sem annars mundi verða við á að fá.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.